

# Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

9. tbl. • September 2000

## Versnandi samkeppnisstaða iðnaðarins brennur heitast



Í viðtali við Vilhelmur Jónsson, formann Samtaka iðnaðarins lýsir hann þeirri skoðun sinni að það sem brennur heitast á iðnaðinum

um þessar mundir sé versnandi samkeppnishæfni samkeppnis- og útflutningsgreina.

Ástæðurnar eru einkum þær að gengi evrunnar hefur lækkað gagnvart dollar og íslensku krónunni og þar af leiðandi koma færri krónur í kassann fyrir útfluttar vörur og þjónustu til Evrópulanda. Að sama skapi versnar samkeppnisstaða innlendirar framleiðslu þegar innflutt vara lækkar í verði. Á sama tíma hefur verðbólga farið vaxandi á Íslandi.

Vilhelmur segir að beita þurfi meira aðhaldi í opinberum rekstri og auka sparnað. Vaxtahækkanir og hvatning

til lífeyrissparnaðar undanfarin misseri hafa ekki dugað til þess að draga úr þenslu og viðskiptahalla. Hér þarf meira til, nefnilega að draga úr rekstrarútgjöldum opinberra aðila.

ARÐBÆRAR FRAMKVÆMDIR  
HAFI FORGANG

Á þenslutímum er jafnan gripið til þess að skera niður opinberar framkvæmdir og þá oftast en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Vilhelmur leggur hins vegar áherslu á að forgangsraða framkvæmdum eftir arðsemi þeirra: „Okkur er mjög í mun að opinbert fjármagn nýtist sem best og að framkvæmdir séu sem arðbærastar. Það hlýtur að vera forgangsmál stjórnvalda að opinberar framkvæmdir skili arði. Það veur því furðu að að nú skuli nánast vera búið að ákveða að bora göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem kosta munu marga milljarða króna. Þeir fjármunir nýtast aðeins fáum og skila aldrei arði.“ segir Vilhelmur Jónsson, formaður Samtaka iðnaðarins í viðtali á bls. 3.

## Skoðunarkönnun meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins um aðild að ESB

Hér í blaðinu eru birtar niðurstöður úr skoðanakönnun meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins um Evrópusambandsaðild og forsendur að-

ildar. Könnunin var unnin af Gallup og úrtakið var mjög stórt eða 500 fyrirtæki og einstaklingar sem aðild eiga að SI. sjá nánar á bls 4 og 5

### Efnisyfirlit

#### Fjárhagslegur ávinningur af ESB aðild

Ritstjórnargrein 2



#### Arðsemi ráði framkvæmdum

Viðtal við formann SI 3

#### Mun fleiri vilja aðild að Evrópusambandinu en ekki

4-5



#### Hjð nýja hagkerfi


Stuðst við rit samtaka iðnaðarins (Industriforbundet) í Svíþjóð 7

#### Formax og Meka sameina rekstur

Málefni fyrirtækja 7

#### Stórsýning í Las Vegas

Byggingariðnaður 8



# Fjárhagslegur ávinningur af ESB aðild

Hér í blaðinu eru birtar niðurstöður úr skoðanakönnun meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins um Evrópusambandsaðild og forsendur aðildar. Könnunin var unnin af Gallup og úrtakið var mjög stórt eða 500 fyrirtæki og einstaklingar sem aðild eiga að SI.

Tilfnið er að sjálfsgöðu að við viljum vita hvaða skoðanir félagsmenn okkar hafa á þessum málum og hvað þeir vilja í þessum efnum. Það er engin ástæða til annars en að samtök atvinnurekenda og launþega taki, eins og í nágrannalöndum okkar, virkan þátt í þeirri Evrópuumræðu sem framundan er hér á landi. Könnunin á að nýttast stjórn og starfsmönnum SI til þess að taka virkan þátt í þessari umræðu.

## ÞÖRF UMRÆÐA

Mjög margir félagsmanna SI hafa ekki gert upp hug sinn varðandi aðild að ESB. Þetta þarf ekki að koma á óvart því að óhikað má fullyrða að hvergi í Evrópu hefur umræða um

þessi mál verið minni. Tveir af hverjum þremur eru þeirrar skoðunar að umræða um þessi mál sé of lítil.

**Ályktun: Félagsmenn í SI vilja umræður um Evrópumál og Evrópusambandsaðild.**

## FJÁRHAGSLEGUR ÁVINNINGUR

Af þeim, sem afstöðu taka í könnuninni, er umtalsverður meirihluti fylgjandi ESB aðild. Yfirgnæfandi meirihluti er þeirrar skoðunar að aðild að ESB sé hagkvæm fyrir efnahag þjóðarinnar og viðkomandi fyrirtæki. Fáir (15%) telja aðild óhagkvæma fyrir efnahag Íslands og enn færri (10%) telja að aðild myndi verða óhagstæð fyrir eigið fyrirtæki. 92% aðspurðra telja ESB aðild mikilvæga til að tryggja jafna samkeppnisstöðu við atvinnulíf innan ESB landanna.

**Ályktun: Félagsmenn í SI telja aðild að ESB fjárhagslegan ávinning.**



## AÐILD MEÐ SKILYRÐUM

Langflestir eða 84% þeirra, sem hlynntir eru ESB aðild telja að slík aðild sé skilyrðum háð. Þegar félagsmenn eru beðnir að nefna hvaða atriði sé mikilvægast í þessu sambandi nefna langflestir að mikilvægast sé að tryggja Íslendingum a.m.k. 90% aflahlutdeild við stendur Íslands. Þarna stendur hnífurinn í kúnni eins og allir vita. Tveir af hverjum þremur eru þeirrar skoðunar að erfitt sé að ná fram sérkröfum við inngöngu í ESB.

**Ályktun: Aðild Íslands að ESB er skilyrðum háð. Vitað er að erfitt er að ná fram sérkröfum í aðildarviðræðum.**

## VILJA LÁTA Á AÐILD REYNA MEÐ UMSÓKN

Megin munurinn á afstöðu félagsmanna SI annars vegar og stefnu stjórnvalda hins vegar er sá að þeir

fyrirnefndu vilja láta á það reyna með aðildarumsókn hvort tekið verði tillit til sérhagsmuna okkar en stjórnvöld hafa til þessa látið nægja að gefa sér að reglurnar gildi og engar undanþágur verði veittar. Geta má nærri hverju embættismenn og stjórnámamenn ESB hefðu svarað til ef þeir hefðu verið spurðir um það fyrirfram hvort hægt væri að setja sérstakar reglur um heimskautalandbúnað í Skandinavíu, eignarhald á sumarhúsum í Danmörku eða þá hvort Svíar geti óáreittir haldið áfram að taka í vörina. Á sama hátt sömdu Íslendingar, þvert á reglur ESB, um bann við fjárfestingum útlendinga í íslenskum sjávarútvegi í EES samningnum. Margoft hefur verið á það bent að yfirráð Íslendinga yfir fiskveiðum við stendur landsins séu þeim slíkt hagsmunamál að óhugsandi sé annað en að taka tillit til þess, hvað sem líður almennum reglum bandalagsins. Fyrirnefnd dæmi sanna nefnilega að það er unnt að semja um sérákvæði ef ríkir hagsmunir eru í húfi og raunar virðast undanþágur stundum vera veittar af næsta lítilvægu tilefni.

**Ályktun: Félagsmenn SI vilja láta reyna á samninga aðildarumsókn að ESB.**

## HVENÆR Á AÐ SÆKJA UM?

Þegar félagsmenn SI eru spurðir hvenær Íslendingar eigi að sækja um ESB aðild, svara 56% að það eigi annaðhvort að gerast strax eða innan 5 ára. Rúmur fjórðungur að það eigi að gerast eftir 5 ár eða meira og og tæp 18% vilja alls ekki að það gerist fyrr eða síðar. Þarna kemur greinilega fram að það er einungis rúmur fjórðungur félagsmanna sem er sammála stefnu flestra þeirra þingmanna sem að undanförunu hafa tjáð sig opinberlega um þessi mál. Sú stefna er þessi: Við skulum bíða og sjá hvernig ESB þróast á næstu árum.

**Ályktun: Meirihluti félagsmanna í SI er ósammála „við skulum bíða og sjá“ stefnunni.**

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
09. tbl. September 2000  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 28.09. 2000  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstig 1, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is,  
e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjóri og málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir á slíkum tilfellum.



# Arðsemi ráði framkvæmdum

**Íslenskur iðnaður tók nýlega tali Vilmond Jósefsson, framkvæmdastjóra Gæðafæðis ehf en hann var sem kunnugt er kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins á aðalfundi þeirra snemma á þessu ári.**

**Hver eru brýnustu hagsmunamál iðnaðarins að þínu mati?**

Þar er reyndar af ýmsu að taka og erfitt að nefna eitt umfram annað en það sem brennur heitast á okkur um þessar mundir er að samkeppnishæfni samkeppnis- og útflutningsgreina hefur farið mjög versnandi. Ástæðurnar eru einkum þær að gengi evrunnar hefur lækkað gagnvart dollar og íslensku krónunni og þar af leiðandi koma færri krónur í kassann. Þá hefur verðbólguþróunin orðið fyrirtækjunum erfið. Úr henni hefur lítið dregið þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda í þá átt.

**Hvað telurðu að gera þurfi sem dugur á þeim efnum?**

Ég tel að beita þurfi meira aðhaldi í opinberum rekstri og auka sparnað. Samtökin vöktu athygli á þessari hættu oftast en einu sinni þegar ljóst var hvert stefndi. Auðvitað hafa stjórnvöld brugðist við þessu ástandi með vaxtahækkunum og hvatningu til lífeyrissparnaðar undanfarin misseri en meira þarf til.

**Arðbærar framkvæmdir eru ofarlega á forgangslista Samtakanna. Hvað er ykkur efst í huga hvað þær snertir?**

Okkur er mjög í mun að opinbert fjármagn nýtist sem best og að framkvæmdir séu sem arðbærastar. Það hlýtur að vera forgangsmál stjórnvalda að opinberar framkvæmdir skili arði. Það vekur því furðu að nú skuli nánast vera búið að ákveða að bora göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem kosta munu marga milljarða króna. Þeir fjármunir nýtast aðeins fáum og skila aldrei arði. Á sama tíma og fjöldi alvarlegra slysa verður á einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins er því haldið fram að ekki sé til fé til

að breikka slíkar slysgildir. Þá má benda á gatnakerfið í höfuðborginni sem er nánast í lamasessi svo að ekki sé nú minnst á breikkun Keflavíkurveggar. Það gengur ekki lengur að láta hreppapólitík af þessu tagi ráða ferðinni. Menn setja þá kröfu á oddinn að framkvæmdir séu arðbærar.

**Hvað um menntamál iðnaðarins?**

Þau eru ofarlega á lista forgangsmála og hafa lengi verið. Samtökin hafa átt viðræður við menntamálaráðuneytið um að breyta Tækniskólanum í tækniháskóla. Þetta mál hefur verið á döfinni á annað ár og okkur finnst það ganga nokkuð hægt en vonum að lending náist sem fyrst. Það er reyndar að frumkvæði félagsmanna okkar sem þessi mál eru komin á hreyfingu. Þeir hafa á undanföllum misserum vakið máls á að við þurfum að gera betur í þessum efnum. Iðnaðurinn þarf fleiri og betur menntaða tæknimenn enda byggist þjóðfélagið mjög á tækni hvort sem það heitir upplýsingatækni eða hefðbundin tækni. Við verðum að gera þá kröfu til yfirvalda menntamála að þau bregðist við þessum þörfum.

**Hvað finnst þér um niðurstöður nýlegrar könnunar um viðhorf félagsmanna Samtakanna til aðildar að Evrópusambandinu?**

Niðurstaðan er nokkuð skýr. Góður meirihluti þeirra félagsmanna sem afstöðu tóku eru hlyntir aðild að ESB. Við teljum að umræðan um ESB hljóti að fara af stað nú á haustmánuðum. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, hefur gengið fram fyrir skjöldu og opnað þá umræðu sem ekki hefur verið mikil að undanföllum. Ég tel það vel því að það þarf að ræða þessi mál og Samtökin eru reiðubúin til að taka virkan þátt í þeirri umræðu.

**Ertu sjálfur fylgjandi því að Íslendingar gangi í ESB?**

Já, ég tel að við þurfum fyrst og fremst að vera í félagi við aðrar Evr-

ópuþjóðir og taka þátt í samstarfi þeirra og það er ekki síst mikilvægt fyrir iðnaðinn. Við eigum að vera fullgildir og virkir þátttakendur í Evrópusamstarfinu.



Vilmond Jósefsson formaður SI

**Byr iðnaðurinn við lakari starfsskilyrði hér á landi en aðrar atvinnugreinar?**

Starfsskilyrði atvinnugreina hafa jafnast mjög á undanföllum árum, ekki síst með tilkomu EES samningsins. Þó hallar enn á iðnaðinn á ýmsum sviðum. Þar má t.d. nefna vörugjöld, mismunun varðandi skattlagningu flutninga bæði á sjó og landi og síðast en ekki síst framlög til rannsókna og þróunar. Þar virðist fremur horft til fortíðar en framtíðar.

Megin áhyggjuefnið er þó að samkeppnisstaða iðnaðarins hefur versnað að undanföllum eins og komið hefur fram. Þær sveiflur sem t.d. hafa orðið í sjávarútvegi á undanföllum árum hafa jafnan komið illa niður á iðnaðinum og þess vegna höfum við iðulega bent á nauðsyn þess að dregið verði úr áhrifum slíkra sveiflna á iðnaðinn. Hitt er annað mál að bæta má starfsskilyrðin með ýmsum hætti. Hér á landi eru skattar t.d. tiltölulega háir miðað við það sem margir keppinautar okkar erlendis búa við. Þá má nefna að verð á rafmagni er allt of hátt. Ég tel mikilvægt að raforkuverð til almenns iðnaðar verði sambærilegt við verð á raforku í nágrannalöndunum. Koma þarf á alvöru samkeppni í raforkuframleiðslu og dreifingu og það er forgangsmál að mínu mati.

Þóra Kristín Jónsdóttir



# Mun fleiri vilja aðild að E

Í viðhorfskönnun, sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins meðal aðildarfyrirtækja sinna í ágúst, kemur skýrt fram að fyrirtækin vilja aðild að ESB eða um 45% þeirra sem afstöðu tóku en 30% voru andvíg Hins vegar telja 62% félagsmanna aðaild að ESB hagstæða fyrir efnahag Íslands. Í hópi 300 stærstu fyrirtækjanna telja miklu fleiri aðild hagstæða fyrir sitt fyrirtæki og efnahag landsmanna í heild en þeir sem telja hana neikvæða. Greinilegt er að því stærri sem fyrirtækin eru þeim mun jákvæðari telja þau áhrifin af aðild að ESB.

Hins vegar telja 62% félagsmanna aðild að ESB hagstæða fyrir efnahag Íslands.

Úrtakið í könnuninni var lagskipt þannig að 100 stærstu fyrirtækin voru höfð sér, þá þau 200 sem næst komu og loks var tekið 200 fyrirtækja slembiúrtak úr þeim 1.100 sem eftir stóðu. Rétt er að hafa í huga að í slembiúrtakinu er fjöldi einyrkja. Svarhlutfall var um 67 af hundraði.




Auk spurningarinnar um aðild að ESB var spurt um sitt-hvað henni tengt þar á meðal varðandi skilyrði fyrir aðild, sérkröfur, efnahag þjóðarinnar, og sjálfstæði, áhrif á fyrirtæki, evruna o.s.frv.

Sé litið til hópanna tveggja sem hafa að geyma stærstu fyrirtækin er greinilegt að þau telja aðild hagstæða fyrir sín fyrirtæki. Raunar eru mjög fá fyrirtæki í heild sem telja aðild óhagstæða.



Þá er greinilegt að stærri fyrirtækin, sem eiga í erlendum viðskiptum, telja jákvætt að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi en forsenda þess er aðild að ESB.

## Það er því ekki að undra að 62% félagsmanna Samtaka iðnaðarins telja það gott fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í ESB.

Röskur helmingur svarenda taldi að fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar myndi ekki skerðast við inngöngu í ESB en um 30% voru á öndverðri skoðun.



# Evrópusambandinu en ekki



## Skilyrði fyrir aðild og sérkröfur

Af þeim, sem sögðust vera fylgjandi aðild að ESB, töldu 84% nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði fyrir aðild en 14% töldu það ónauðsynlegt. Þá leiddi könnunin í ljós að rúmlega 90% þeirra, sem svöruðu, fannst mikilvægast að íslenskt atvinnulíf hefði jafna samkeppnisstöðu og atvinnulíf ESB landanna og að Íslendingum yrði tryggð a.m.k. 90% hlutdeild í veiðum við strendur Íslands.

Rúmlega 27% töldu að auðvelt yrði að ná fram sérkröfum við inngöngu í ESB en tveir af hverjum þremur töldu að það yrði erfitt.

## Hvenær ættu Íslendingar að ganga í ESB?

Um 14% svarenda finnst að við eigum að ganga strax í ESB, tæplega 42% vilja gera það innan 5 ára, um 27% vilja að enn lengri tími líði áður en svo verður en tæplega 18% telja að við eigum alls ekki að ganga í ESB.

## Umræðan um aðild að ESB

Nálega tveimur af hverjum þremur finnst umræðan um inngöngu Íslands í Evrópusambandið vera of lítil en um 30% finnst hún hæfileg.

## Meirihluti almennings fylgjandi aðild að ESB

Gallup kannaði einnig viðhorf almennings til aðildar að Evrópusambandinu á sama tíma og kannað var viðhorf félagsmanna Samtaka iðnaðarins.

## Svarhlutfall var 70 af hundraði.

Álíka stórt hlutfall landsmanna er fylgjandi aðild að ESB og hlutfall stjórnenda fyrirtækja og unga fólkið er hlynntara aðild en þeir sem eldri eru.

## Röskur helmingur svarenda, einkum yngra fólkið, telur að það sé vænlegt fyrir efnahag landsmanna að ganga í ESB.



## Rúmlega 46% landsmanna vilja að Íslendingar gangi í ESB innan 5 ára.

Þegar borin eru saman svör almennings og stjórnenda fyrirtækja við þeim þremur spurningum sem lagðar voru fyrir báða hópa kemur í ljós að lítil munur er á viðhorfum þeirra til aðildar Íslands að ESB. Hins vegar er nokkur munur á viðhorfum almennings og stjórnenda fyrirtækja varðandi áhrif aðildar á efnahag þjóðarinnar. Um 52% landsmanna telja að aðild að ESB hefði góð áhrif á efnahaginn í heild en 62% stjórnenda fyrirtækja eru þeirrar skoðunar. Varðandi tímasetningu er líka talsverður.

## Um 34% landsmanna telja að við ættum að ganga í ESB innan 5 ára en 42% í hópi stjórnenda fyrirtækja.

# Nýr starfsgreinahópur í upplýsingatækni- iðnaði innan SI



F.v.: Guðjón Auðunsson, Landsteinar Íslands ehf., Ingvar Kristinsson, Friðrik Sigurðsson, Tölvumyndir hf., Páll Freysteinnsson, EJS hf., Guðmundur Ásmundsson, SI. Á myndina vantar Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun ehf.

**Starfsgreinahópurinn var stofnaður hinn 14. þessa mánaðar. Á stofnfundinum voru samþykktar starfsreglur og kynnt meginatriði í skipulagi starfseminnar. Einnig voru lögð fram drög að þeim verkefnum sem mest áhersla verður lögð á í starfi hópsins.**

Formaður stjórnar er Ingvar Kristinsson, framkvæmdastjóri GoPro.

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að á aðalfundi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, SÍH, sem haldinn var fyrir skömmu, var samþykkt að færa starfsemi félagsins alfarið undir

hatt Samtaka iðnaðarins enda hafði það félag átt gott samstarf við SI og í raun virkað sem starfsgreinahópur í upplýsingatækni iðnaði innan þess. Ákveðið var að mynda nýjan starfsgreinahóp í upplýsingatækni iðnaði innan SI og um leið að færa út starfsemina þannig að hópurinn sé opinn öllum sem starfa á sviði upplýsingatækni eða þekkingariðnaðar. Þeim fyrirtækjum, sem starfa á fyrrgreindum starfssviðum og ekki eru þegar innan raða Samtaka iðnaðarins, verður boðið að gerast aðilar og taka þátt í starfi hópsins.

Guðmundur Ásmundsson

## Drög að gæðakerfum fyrir íslenskan iðnað

**Samtök iðnaðarins hafa á síðustu árum verið að vinna að því að koma upp drögum að gæðakerfi fyrir hinar ýmsu starfsgreinar til þess að auðvelda og aðstoða aðildarfyrirtæki sín í að koma sér upp eigin gæðastjórnunarkerfi.**

Nú þegar stendur fyrirtækjum í eftirtöldum starfsgreinum til boða aðstoð frá SI:

- blikksmíði
- pípulagnir
- jarðvinnuverktakar
- byggingarverktakar
- innréttinga- og húsgagnaframleiðendur
- húshlutaframleiðendur (áhersla á vottun á byggingavörum)
- sorphirðu- og umhverfisiðnaður
- skipaiðnaður

Aðstoð SI við fyrirtækin er í formi verkefnastjórnunar, ráðgjafar og heim-

sókna í fyrirtækin auk þess sem hvert fyrirtæki fær sýnishorn eða drög að gæðakerfi sem viðkomandi fyrirtæki getur stuðst við.

Drögin eru í formi gæðahandbókar og er einnig í tölvutæku formi innbyggð í lítið forrit samtengdu Word ritvinnslu sem auðveldar alla vinnu.

Lögð er áhersla á fræðslu og mótun viðhorfs starfsmanna til að vinna samkvæmt gæðakerfi því að það eru starfsmennirnir í hverju fyrirtæki sem móta og koma gæðakerfinu í framkvæmd undir stjórn framkvæmdarstjórans.

Markmiðið með að koma á gæðastjórnun innan fyrirtækjanna er m.a. að skapa trúverðugt fyrirtæki með eftirsóttá framleiðslu, bæta fjárhag þess og skapa eftirsóttan vinnustað og bætt vinnuumhverfi.

Nú þegar hafa fyrirtæki í öllum framangreindum starfsgreinum hafið

það verk að þróa og laga rekstur sinn að skipulögðu gæðastjórnunarkerfi.

Markmið SI með átaki þessu er að aðildarfyrirtækin bæti rekstur sinn og verði betur undir það búin að mæta harðnandi samkeppni samhliða auknum kröfum markaðarins um skipulögð og ábyrgari vinnubrögð og að framleiðslufyrirtæki á byggingarvörum geti uppfyllt ákvæði byggingareglugerðar um vottaða framleiðslu.

Þau fyrirtæki „sem vilja fá viðurkenningu SI á að þau hafi skilvirkt gæðakerfi“ þurfa að gangast undir úttekt af hálfu SI. Nánari upplýsingar veitir Ferdinand Hansen í síma 511 5555, netfang: ferdinand@si.is



# Hið nýja hagkerfi

Umræðan um hið nýja hagkerfi meðal hagfræðinga, stjórnmálanna, stjórnenda fyrirtækja og umfjöllun í fjölmiðlum hefur orðið æfirfirferðarmeiri undanfarin ár. Hin ótrúlega velgengi upplýsingatæknifyrirtækja og síaukin hnattvæðing hagkerfisins ásamt langvarandi hagvaxtartímabili án verðbólgu í Bandaríkjunum hafa ýtt mjög undir þá umræðu. Hið svonefnda nýja hagkerfi var eitt helsta umræðuefni formanna norrænna iðnrekenda á árlegum fundi þeirra sem haldinn var í Svíþjóð fyrir skömmu.

## HVAÐ ER HIÐ NÝJA HAGKERFI?

Í hinni almennu umræðu er ekki alls kostar ljóst hvað átt er við með hinu nýja hagkerfi og hvaða afleiðingar það kann að hafa til langs tíma lítið. Menn spyrja hvort það muni aðeins hafa smávægilegar breytingar í för með sér eða hvort það leiði til grundvallarbreytinga á efnahagslífinu. Hugtakið hið nýja hagkerfi hefur oft borið á góma undanfarin ár og er eins konar samnefni fyrir þá tíma sem við nú lifum, öld upplýsingatækninnar en á allt eins við um almenna tækniþróun og aðrar breytingar sem orðið hafa. Meðal þess sem greina má t.d. í Svíþjóð og talið er að rekja megi til hins nýja hagkerfis er að þar hefur meira verið fjárfest í þjónustu og fjármagn nýtist betur en áður. Ný störf hafa orðið til og fjárfesting í hugbúnaði hefur stórkostist.

## SÖGULEGAR STAÐREYNDIR

Sumir taka svo djúpt í árinna að halda því fram að hagkerfið taki sögulegum breytingum um þessar mundir. Netíð sé grunnur hins breytta efnahagsumhverfis og hin gömlu viðskiptagildi iðnaðarsamfélagsins séu ekki lengur gjaldgeng. Oftast tengist hið nýja hagkerfi þróun upplýsingatækninnar og umræðunni um breiðband, WAP og Netíð en það snertir margt fleira. Hið nýja hagkerfi byggist líka á samanlögðum áhrifum grunn-tækni í öllum fyrirtækjum og stofnunum sem og framleiðslugreinum og hvers kyns breytinga sem skapa nýja

markaði. Þá má ekki gleyma öllu reglu-fárinu sem rætt er um að draga þurfi úr bæði í einstökum löndum og milli landa. Réttarkerfið og markaðurinn hafa tekið á ýmsum vandamálum sem upp hafa komið í því sambandi og ljóst er að hið breytta umhverfi kallar bæði á breytingar á lögum og reglugerðum sem ekki hafa staðist tímans tönn.

Hið nýja hagkerfi er sagt hvíla á fimm meginstöðum:

- Nýr tæknigrunnur
- Ríkari þáttur mannafla, þekkingar og þróunar
- Nýjar markaðsforsendur með færri reglum á heimsvísu
- Aukin samvinna fyrirtækja og auknið frelsi til að skipuleggja fyrirtæki
- Bætt skilyrði til að stjórna efnahagslífinu í mörgum löndum

## NÝJAR FORSENDUR

Hið nýja efnahagskerfi fjallar í raun um nýjar forsendur fyrir allt efnahagslífið. Það á ekki eingöngu við um velgengi upplýsingatæknifyrirtækjanna heldur líka þau áhrif sem upplýsingatæknin hefur á þau fyrirtæki og stofnanir, einnig hinar opinberu, sem hafa tekið hana í þjónustu sína. Bæði ný og gamalgróin fyrirtæki hafa lagt grunninn að hagvexti og velmegun og hefðbundin skipting atvinnulífsins í iðnaðar- og þjónustufyrirtæki verður sífellt óljósari. Í Svíþjóð eru iðnfyrirtæki t.d. orðin helstu viðskiptavinir fyrirtækja í upplýsingatækni og þau viðskipti nema allt að 70% af veltu hinna síðarnefndu. Þar er talið að hin nánú samskipti upplýsingatæknifyrirtækja og kröfuharðra viðskiptavina eigi mestan þátt í að sænsk upplýsingatæknifyrirtæki hafa skipað sér í fremstu röð í sinni grein á heimsmælikvarða. Sænsk stjórnvöld eiga sinn þátt í þessari þróun þar sem þau voru fljót að taka hina nýju tækni í þjónustu sína og það skýrir líka að nokkru leyti hina sterku stöðu þarlendra upplýsingatæknifyrirtækja.

## ÁHRIF Á ALLT ÞJÓDLÍFIÐ

Sænskir iðnrekendur telja að samvinna milli ólíkra fyrirtækja og starfs-

greina hafi afgerandi áhrif á hagvöxtinn. Þeir telja að upplýsingatæknin hafi bylt samfélaginu á margan hátt og nýju fyrirtækin hafi hleypt nýjum krafti í efnahagslífið og haft áhrif á öllum sviðum þjóðlífsins. Þau hafi breytt afstöðu til fyrirtækja og framtakssemi, blásið nýju lífi í áhættufjárfestingar og auknið áhuga á sparnaði. Þau hafi síðast enn ekki síst átt þátt í að vekja áhuga á gömlum menningararfi og gildum. Á hinn bóginn virðast hagfræðingar ekki vera á einu máli um hvort hagvöxtur framtíðarinnar byggist á upplýsingatæknifyrirtækjunum sjálfum eða eldri grunni fyrirtækja í iðnaði og þjónustu sem nýta sér tækni.

(Stuðst við rit Industriforbundet, Samtaka iðnaðarins í Svíþjóð)

## Formax hf. og Verkfræðistofan Meka sameina rekstur

Hinn 1. september var rekstur verkfræðistofunnar Meka og Formax hf. sameinaður. Starfsemin verður rekin undir nafni Formax hf.

Verkfræðistofan Meka hefur um langt árabil sérhæft sig í ráðgjöf og sölu á heildarlausnum fyrir sjávarútveginn erlendis og býr að umtalsverðri reynslu á því sviði.

Formax hefur sérhæft sig í hönnun og framleiðslu á margvíslegum búnaði fyrir matvælavinnslu, sérstaklega þó fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Formax hefur stundað viðamikla þróunarstarfsemi. Fyrirtækið hefur yfir að ráða öflugum tækjakosti og fagmönnum með mikla reynslu í smíði og uppsetningu heildarlausna bæði um borð í skipum sem og fiskvinnslu í landi.

Markmið sameiningarinnar er að efla markaðstarf og þá sérstaklega útflutning ásamt því að efla þróunarstarfsemi á nýjungum fyrir matvælaiðnaðinn.

Verkefnastaða fyrirtækisins er góð, bæði hér heima og erlendis. Nýlega var lokið við uppsetningu á nýju vinnslukerfi í skip Ögurvíkur, rækjuverksmiðju í skip NASCO ásamt flakafrysti í hið nýja skip Samherja. Eftir sameininguna starfa 25 manns hjá félaginu.

Frkvstj. félagsins er Bjarni Sigurðsson.


# Matvæla- dagur MNÍ 2000

Matvæladagur MNÍ 2000 verður haldinn föstudaginn 13. október kl. 12:30-17:00 í Hvammi, Grand hótél Reykjavík.



Á ráðstefnu sem ber yfirskriftina „Örugg matvæli“ verður fjallað um tíðni og útbreiðslu matarsjúkdóma á Íslandi, stjórnkerfi í fyrirtækjum til að tryggja örugg matvæli og traust

neytenda á matvælum. Sjá nánar á vef SI, [www.si.is](http://www.si.is). Samtök iðnaðarins minna félagsmenn sína á að senda inn tilnefningar vegna „Fjöreggs MNÍ“ en það er, eins og kunnugt er, verðlaunagripur, sem Samtökin gefa og veittur er fyrir lofsvert framtak á matvæla sviði. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir í síma: 511 5555 eða tölvupósti: [ragnheidur@si.is](mailto:ragnheidur@si.is).



## Efnt til ferðar byggingamanna stórsýningu í Las Vegas

**Dagana 25. febrúar til 4. mars er ætlu-  
ninn að bjóða þeim, sem áhuga hafa,  
að taka þátt í fyrirhugaðri ferð til Las  
Vegas á ráðstefnuna World of  
Concrete sem í meira en 25 ár hefur  
stefnt saman fólki úr byggingariðn-  
aðinum til að skiptast á hugmyndum,  
kynnast nýjungum og fjalla um ann-  
að sem þeim iðnaði við kemur.**

Að þessu sinni verður steipt saman tveimur stórum sýningum í fyrsta sinn, World of Concrete og World of Masonry. Um 70 þúsund fermetrar verða lagðir undir sýninguna svo að af nógu verður að taka af ýmsu því sem snertir byggingariðnaðinn.

Þá verður einnig í fyrsta sinn sýnt hvernig tekist er á við raunveruleg verkefni eða m.ö.o. sýndar verkframkvæmdir þannig að sýningargestum gefst kostur á að fylgjast með og læra af reynslu annarra. Vera kann að sú sýning verði ekki endurtekin og að þetta verði eina tækifærið sem gefst til að kynnast henni.

Vitað er að sýningin World of Concrete verður fjölsótt og er því eindregið mælt til þess að þeir sem hyggjast sækja hana gefi sig fram sem allra fyrst bæði til unnt sé að tryggja að hótélrymi og hagstæðasta verð sem býðst.

Samtök iðnaðarins sjá um að skipuleggja ferðina ef næg þátttaka fæst. Undirritaður telur að áhugamenn um byggingariðnað megi ekki láta tækifæri sem þetta sér úr greipum ganga.

Hugmyndin er að flogið verði til Baltimore síðdegis hinn 25. febrúar og þaðan til Las Vegas þar sem dvalist verður á hótél Excaliber í um 6 km fjarlægð frá sýningarsvæðinu. Flogið verður heimleiðis um Baltimore 4. mars. Hugsanlega gefst kostur á að dveljast í Baltimore einn sólarhring standi hugur einhverra til þess.

Nánari upplýsingar fást hjá Guðmundi Þór hjá Samtökum iðnaðarins í síma 511 5555 eða netfang [gsig@si.is](mailto:gsig@si.is).

## Nýir starfsmenn SI



Þóra Kristín Jónsdóttir hefur frá 1. september verið ráðin til að hafa umsjón með efnisöflun á heimasíðu og í fréttabréf Samtaka iðnaðarins og hafa samstarf við fjölmiðla. Hún er stúdent frá MR lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1965, BA-prófi í íslensku og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1976 og stundaði framhaldsnám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn veturinn 1980 til 81. Hún hefur kennt íslensku í Hagaskóla í fjölda ára og vann 14 sumur sem fréttamaður á Fréttastofu útvarpsins frá 1969.

Guðmundur Þór Sigurðsson er Reykavíkingur og lauk námi sem byggingafræðingur frá Danmörku árið 1998 með framkvæmdafræði sem sérgrein. Hann hóf störf hjá Íslenskum aðalverktökum sem aðstoðarstaðarstjóri við byggingu orkuvers í Svartsengi síðar sem verkefnisstjóri við fjölnota íþróttahús í Reykjanesbæ og Sjúkrahúsi Suðurnesja. Starfaði síðan við tímabundið verkefni sem sérverkefnastjóri hjá Húsasmiðjunni. Guðmundur Þór tekur við af Eyjólfí Bjarnasyni.



Lifandi fréttavefur

[www.si.is](http://www.si.is)